

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1984:

Vélskelflett rækja:

SDR pr. lb. cif.

Færri en 350 st. í lb.:

Blokkfryst	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,052
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,391
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,556

Fleiri en 350 st. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,912
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,228
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,391

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnússon.